



Morgunblaðið/Sverrir

## Morverand kaupir seglskútuna Söru

FRAKKINN Mathieu Morverand, sem tók seglskútuna Söru trausta-taki í Reykjavíkurhöfn fyrr í vik-unni, og eigendur Söru hafa bund-ið það fastmælum að Morverand kaupi Söru.

Gunnar Borg, einn eigenda Söru, sagði að rætt væri um að Morverand greiddi hluta þess kostnaðar sem eigendur skútunnar hefðu lagt í hana frá því að þeir keyptu hana. Hann vildi ekki gefa upp söluverðið.

Morverand segir að hann sé tilbúinn til að greiða kostnað vegna viðgerða á skútunni en hann telji eðlilegt að annaðhvort Tollgæslan eða Samskip endurgreiði

þá upphæð sem skútan var seld á á uppboði sem Tollgæslan krafðist á sínum tíma.

Til tals hefur komið milli for-svarsmana Samskipa og Morverands að Samskip flytji skútuna til meginlands Evrópu, en fyrirtækið flutti hana til Íslands endurgjalds-laust á sínum tíma. Ólafur Stein-arsson, hjá Samskipum, sagði að fyrirtækið væri að sjálfsögðu reiðubúið til að flytja skútuna. Það væri þó ekki farið að ræða um borgun fyrir flutninginn, en fyrirtækið myndi leitast við að koma til móts við Morverand í þessu máli eins og það hefði gert fram að þessu.